

02 Wood Tex Primer Grunnur

Flügger Wood Tex er vörulína með vatnsþynntum vörum til notkunar á við utanhúss. Vörurnar veita viðnum mjög veðurþolið og sérlega endingargott yfirborð, gljáa og litheldni. Vörurnar eru auðveldar í notkun og þornunartíminn er stuttur.

Vörulýsing

Lituð grunnmálning sem eykur endingu og þekju og ver gegn raka. Vinnur gegn myglu- og sveppagróðri á yfirborði eftir lokameðhöndlun. Eftir notkun er viðurinn meðhöndlaður með þekjandi viðarvörn eða málningu.



- Þekjandi grunnmálning
- Ver gegn raka
- Sérlega góð ending

Merkingar



Name: White



Name: Red



Name: Base 3



Name: Hvit



Notkunarmöguleikar

Millimeðhöndlun fyrir lokameðhöndlun með þekjandi viðarvörn eða málningu. Undirlagið þarf að vera grunnað eða hafa verið meðhöndlað áður.

Undirlag

Undirlagið þarf að vera hreint, þurrt, þétt og henta til yfirmálunar.

Forðast verður ófullnægjandi meðhöndlun á endaflekum, vatnsgilddrum eða staði þar sem vatn kann að safnast fyrir.

Rakahlutfall í viði fyrir málun má að hámarki vera:

Á gluggum og hurðum: 12% ± 3; hlutar sem skaga út, girðingar og klæðningar: 18%.

Meðhöndlun

Flagnandi eldri viðarvörn, málning og trosnaðar viðartrefjar er fjarlæggt með hreinsun og slípun

Óhreinindi, fita, smitandi efni og myglu- og sveppagróður er fjarlæggt með hreinsun.

Slípið hvassar brúnir til að tryggja sem besta þekju

Óvarinn við skal meðhöndla fyrir eða rétt eftir uppsetningu

Mattslípa skal gljáandi fleti með eldri málningu.

Nýjan við eða við sem hefur verið hreinsaður skal grunna með Flügger 01 Wood Tex Grunnólía.

Undirlag sem hefur staðið ómeðhöndlað í yfir fjórar vikur skal hreinsa og fjarlægja skal allar lausar viðartrefjar

Notkun

Borið á með pensli, rúllu eða sprautu.

Ef notuð er rúlla eða sprauta er strokið yfir með pensli að síðustu.

Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfum um endanlegt útlit.

Notið „blautt á blautt“-aðferð við málunina og strjúkið penslinum ævinlega í sömu átt.

Kuldi eða hiti getur haft áhrif á seigju efnisins

Hitastig efnis þegar því er sprautað á verður að vera minnst 15 °C.

Forðast verður alla rakapéttingu.

Forðist að vinna í beinu sólarljósi.

Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða.

Hærri lofthiti og lítill loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann.

Gerði ævinlega prufu til að kanna viðloðun og útlit.

Væntanleg útkoma

Þekjandi. Eftir notkun er viðurinn meðhöndlaður með þekjandi viðarvörn eða málningu.

Athugið!

Verjið nýlega málað yfirborð gegn óhagstæðu veðri.

Gerði viðeigandi ráðstafanir til að verjast áhrifum raka og rigningu á nýlega málað yfirborð.

Yfirborðið nær hámarksstyrk þegar það er fullharðnað.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægð sem mesta málningu af verkfærunum og þrífið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Grunnmálning
Gljái	Matt
Eðlisþyngd (kg/l)	1.27
Þurrefnisinnihald vigt %	54
Þurrefnisinnihald rúmmál %	41
Efnisnotkun (m ² /ltr.)	8
[wetgoodTDSCoverageLong]	10
[wetgoodTDSCoverageShort]	6
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +5°C
Loftraki	Hámarks loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar)	4
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	6
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Þynning	Med vatni
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

Núverandi TDS útgáfa

desember 2021

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

janúar 2021